

TILGANGUR LÍFSINS

Á Englandi og í Ameríku getur það ennþá valdið talsverðum hugaræsingi, ef minnst er á hina svonefndu apakenningu, eða þá uppgötvun líffræðinnar, að mennirnir eiga kyn sitt að rekja til apa. En þar sem alþýðumenntun er á hæstu stigi, eins og t.d. í Danmörku, vita flestir þetta frá barnæsku og umræður um það mál geta því varla orðið til að vekja óróa. Kenning þessi er nálega jafngömul grískri heimspeki, og það var hinn ágæti Anaxímander, sem fyrstur skildi og sagði, að mennirnir eru komnir af dýrum. Og eigi einungis eru mennirnir komnir af apa, heldur af sjávarormi, eins og segja má að vikið sé að í Eddu; en fyrsta foreldri mannsins hér á jörðu, var ögn af lifandi kvoðu, svo smá, að það hefði þurft að stækka hana þúsund sinnum til þess að hún sæist. Um þessa ættartölu verður ekki efast, og hver maður lifir á níu mánuðum nokkurskonar ágríp af framþróunarsögu forfeðra sinna — eða foreldris síns, réttara sagt, — frá upphafi lífsins á jörðu hér; en saga sú nær alveg vafalaust yfir hundruð milljónir ára, ef til vill 500—1000 milljónir.

Það væri fróðlegt að rekja með nokkurri nákvæmni, hvernig stendur á mótspyrnunni gegn þessum fögru uppgötvunum í líffræði og jarðfræði, sem vikið var á. En hér skal aðeins sagt, að dálítið hafa þeir sér til afsökunar, sem halda vilja í forna hjátrú og vanþekkingu í þessum efnum. Á hinum fögru uppgötvunum var ekki reist nein lífsskoðun, sem unandi væri við, engin heimspeki, sem komið gæti í stað þess, sem rifið var niður. Lífsskoðunin varð á þá leið, að um tilgang lífsins yrði ekkert vitað og helst virtist mannkynið vera komið fram af tilviljun, á smáhnetti, sem ætti sér álíka rökstutt upphaf. En þó fer því fjarri, að þetta sé rétt,

og má vel gera sér glögga grein fyrir tilgangi lífsins.

Lífið er stöðug leit eftir auknu sambandi til þess að geta stöðugt lífgað hið líflausa og náð því undir sín lögmal. Vér getum vel skilið, til hvers hin ósýnilega smáa lífögn fór hér að vaxa og eflast fyrir milljónum alda. Tilgangurinn var sá, að vaxa fram til ávallt fullkomnara sambands, til sambands við lífið í öllum heimi, uns allur heimur er orðinn að lifandi, alfullkominni veru, orðinn guð. En til þess að þetta geti orðið, þarf auðvitað að verða samband milli lífsins á hinum ýmsu stjörnum og einnig sú hugmynd er nálega jafngömul grískri heimspeki, þó að hún komi ekki eins glögglega fram og kenning Anaxímanders um uppruna mannkynsins. Hinn ágæti Pyþagoras sagði að sálir dýranna hefðu komið frá stjörnunum. Þessari stórmerku kenningu hefir verið svo lítill gaumur gefinn, að ég hefi hvergi séð hennar getið, og væri þó sjálfsagt að nefna hana í hverri heimspekisögu, og eins þegar ritað er um uppruna lífsins á jörðu hér. Liggur mér við að halda, að ég hafi uppgötvað þessa setningu Pyþagorasar, í riti því sem oft er nefnt Filosofúmena og eignað Hippolyt biskupi. Hefir kenning þessi því legið ennþá lengur niðri en hinn rétti skilningur á uppruna mannkynsins, og er þó einmitt þekking á þessu efni hin nauðsynlegasta fyrir framþróun sköpunarverksins, því að sambandið við hinar æðri verur getur ekki orðið eins og þarf að vera, fyrr en sú þekking er fengin. Hefi ég lengi leitast við að vekja eftirtekt manna á máli þessu, sem öll þeirra framtíð liggur við. Hefir mér orðið lítið ágengt, því að menn hafa á jarðstjörnu þessari eindregna tilhneigingu til að meta allt annað meir en einmitt þann sannleik, sem kennir þeim að hverfa frá helstefnunni, sem hér hefir svo lengi ráðið. En nú eru horfurnar á framgangi sannleikans eindregið að batna, og er þar eitt til marks hversu góðan samherja ég hefi eignast og sérstaklega vel fallinn til að vekja eftirtekt á þessu máli, þar sem er hinn frægi herforingi og landkönnuður Sir Francis Younghusband, höfundur bókarinnar *Life in the Stars*.

24. okt. '27